

Skólaráðsfundur í Gleráskóla mánudaginn 9. maí kl. 15:00 - 16:00 á bókasafni skólans.

Mætt: Sunna Þórveig Guðjónsdóttir f.h. nemenda, Margrét Silja Þorbergsdóttir og Sveinbjörg Smáradóttir f.h. foreldra, Kristjana Kristjánsdóttir f.h. starfsfólks, Þorbjörg Otta Jónasdóttir f.h. kennara, Einar Gauti Helgason frá hverfisnefnd, Eyrún Skúladóttir skólastjóri og Helga Halldórsdóttir deildarstjóri sem skráir fundargerð.

Skóladagatal 2022-2023

Skóladagatal næsta skólaárs hefur verið samþykkt og er komið inn á heimasíðu skólans.

Framkvæmdir

Útboð framlengt til 11. maí vegna þess að ekki höfðu komið tilboð í verkið. Ef þau koma ekki verður verkinu frestað.

ES sýndi teikningu af skólanum eins og hann verður við lok endurgerðar. Ef það berst tilboð verður hafist handa um leið og skóla lýkur í vor. Ekki búið að ákveða hvar verður byrjað. EGH spyr hvort UMSA þurfi ekki að samþykkja tilboð og hvað gerist ef tilboð verður of hátt. Lítið um svör.

Rætt um skólalóðina, bílastæðin og leiksvæði nemenda. Erfitt að fylgjast með nemendum sérstaklega þeim sem leita vestur fyrir skólann.

Útigarður verður milli álmana en hann verður sennilega lokaður. Spurt um lóðina, meira gras-minna gras, meiri steypa? Ekki ljóst hvernig hönnun verður.

ES sagði frá útboði á þrifum í skólnaum. Segja þurfti upp starfsfólki vegna þess.

Spurt um fjölda skólaliða. Þeir eru sjö en verða fjórir næsta vetur. Stuðningsfulltrúar fara meira út næsta vetur. Umræða varð um það og þau áhrif sem þetta getur haft á skólastarfið.

Breytt umhverfi hjá öllu starfsfólki skóla (tengt kjarasamningum) nema stjórnendum, stytting vinnuviku og bættur vinnutími kennara hafa þar mest áhrif. Umræða um þetta.

Það sem eftir lifir skólaársins og byrjun næsta skólaárs

Verið að vinna að flutningi nemenda í Rósenborg. Næsta vetur þurfa nemendur í unglingsdeild að mæta kl. 08:00, farið verður með rútum, en kennsla hefst kl.08:10 í Rósenborg. Gert ráð fyrir einum vetri í þar. Farið verður með nemendur í heimsókn í lok þessa mánaðar.

Rætt um mætingar nemenda á morgnana. Aukist hefur að nemendur mæta of seint í skólann. ÞOJ er með kenningu um að þeir nemendur sem fá skutl í skólann komi frekar of seint en önnur.

Höfum aðeins verið að ræða innanhúss hvort við breytum upphafi skólastarfs næsta vetur.

List og verkgreinar verða með öðru formi næsta vetur og kennarar á fullu að skipuleggja það starf.

Næstu daga verður farið að pakka í þeim stofum sem þarf að tæma og hugað að flutningum þeirra sem þurfa að flytja sig um set.

Skólaferðalag hjá 10. bekk 18.-20. maí.

Skólaslit hefðbundin með 8. -10. bekk í kirkjunni. Undanfarin tvö ár hafa 8. og 9. bekkur verið á skólaslitum í skólanum. Nú ætlum við að hafa alla unglingsdeild viðstadda skólaslit en kanna eftir þau hvort gefst betur að hafa 10. bekkinn einan í kirkjunni eða alla unglingsdeildina saman. Verður rætt við 9. bekkinn hvað þeim finnst þegar þau hafa prófað hvoru tveggja.

Foreldrafélagið býður upp á leikrit frá Leikhópnum Lottu um Mjallhvíti. Þarf að skoða fyrir hvaða stig þetta er. Rætt um að virkja unglingana með yngri nemendum.

Áherslur skólans

Áherslan áfram á jákvæðan aga og Olweus, læsi og unnið verður að því að koma lykilhæfninni inn í námsvísana. Bætum ekki meiru á okkur næsta vetur með skólann tvískiptan. Umhverfismál verða áfram í öndvegi. ÞOJ spyr hvort að það hafi komið til tals að hætta með JA, þá í tengslum við stefnu leikskólans. Það hefur ekki verið rætt og verður ekki skoðað næsta skólaár.

Fjármál skólans

Fjármál skólans standa ágætlega en við komin fram úr í launakostnaði. Það hafa verið mikil veikindi og fjarvera meðal starfsfólks það sem af er ári. Spurt hvort afleysingar sé einungis leystar innan skóla. Ekki hægt að leita út fyrir skólann. Rætt um þörfina á miðlægre afleysingaþjónustu hjá Akureyrarbæ - ef hægt væri að koma henni á. Teljum okkur mjög heppin með starfsfólk í afleysingum.

Önnur mál

Kristjana spyr um möguleika á fjölgun bílastæða - það er ljóst að það er ekki í umræðunni.

ÞOJ spyr um vordaga - hvort við ætlum eitthvað frekar að vinna við Kvenfélagslundinn og tröppurnar þangað. Verður vísað til fundar með stigstjórum.

MSP spyrt um orðspor skólans og hvort/hvernig það sé metið. ES telur að orðspor skólans hafa batnað. Það þarf að vinna að jákvæðri umræðu og halda henni við.

Rætt um símareglur o.fl.

ES þakkaði fyrir samstarfið í vetur þar sem þetta er síðasti fundur skólaársins.